



Ytra mat

Heilsuleikskólinn Suðurvellir

Vogum

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2019.
ISBN 978-9979-0-2382-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Heilsuleikskólinn Suðurvellir	9
Starfsmenn	9
Húsnæði	9
Útileiksvæði	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	12
Stjórnun og starfsmenn.	12
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	22
Skipulag og viðfangsefni	22
Gagnaöflun og vinnubrögð	22
Opinber birting og umbætur	22
Samantekt matsþátta.	23
Samantekt	24
Lokaorð	27
Heimildir.	28

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Suðurvellir hóf starfsemi 1991 sem einnar deildar leikskóli. Árið 2001 var byggt við hann og er hann síðan þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja 59 börn á aldrinum eins til fimm ára. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa. Húsnæðið uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla. Húsnæðið er fallett og snyrtilegt en lekur víða og þarfnast því viðhalds. Útileiksvæðið er ekki stórt enda gert fyrir einnar deildar leikskóla. En endurbætur á útileiksvæði hafa átt sér stað undanfarin ár og er þar mikil fjölbreytni í leiktækjum. Þó þarf að laga gúmmímottu undirlag en motturnar eru víða lausar þannig að hægt er að detta um þær. Suðurvellir er vottaður heilsuleikskóli síðan 2005 og tilheyrir samtökum heilsuleikskóla. Einkunnarorð Suðurvalla eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ og gildi leikskólans eru virðing, umhyggja, samvinna og gleði. Almenn ánægja er með stefnu leikskólans bæði hjá starfsfólki og foreldrum.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólinn Suðurvellir er rekinn af sveitarfélaginu Vogum og er eini leikskólinn í sveitarfélaginu. Mótuð hefur verið skólastefna sveitarfélagsins og endurspeglast áherslur hennar í starfi leikskólans. Sveitarfélögin Vogar og Suðurnesjarbær sameinast um félagsþjónustu þessara sveitarfélaga. Þjónustusamningur er við Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar um ráðgjöf við leikskólann. Leikskólastjórnendur sækja fundi á Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar. Skólanámskrá, starfsáætlun, starfsmannahandbók og foreldrahandbók eru skilmerkilegar og birtar á heimasíðu leikskólans. Aðgengi foreldra og starfsmanna að stjórnendum er gott og góð samskipti við þá. Skólabragur er góður og gleði, metnaður og virðing einkennir starfið. Starfsfólk fær endurgjöf frá stjórnendum og líðan í starfi er góð. Leikskólastjóri segist fá hrós frá starfsfólki en saknaði þess að fá endurgjöf frá bæjastjóra sem er næsti yfirmaður hans.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Börnin eru glöð, þeim líður vel og samskipti eru góð. Samskipti starfsmanna við börnin eru uppbyggileg og starfsfólk sýnir þolinmæði og beitir röddinni á jákvæðan hátt. Húsnæðið býður upp á að skipta börnunum í minni hópa til að vinna með. Einnig er lítið um borð og stóla inni á deildum sem gefur meira gólfrymi fyrir leik barnanna og hreyfingu. Nægur efniviður er til staðar en huga mætti að aðgengi barna á yngri deildum að leikföngum. Verið er að innleiða nýtt dagskipulag sem gerir ráð fyrir lengri samfelldum tíma fyrir leik barna. Dagskipulagið einkennist af hópastarfi, vali og útivist. Allir starfsmenn hafa umsjón með hópastarfi en deildarstjóri ber ábyrgð á faglegu starfi á deildinni. Til er skipulag og hugmyndir fyrir hópastarfið. Í skólanámskrá er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár og í hópastarfi er þess gætt að unnið sé með alla þessa þætti. Sérstök áhersla er lögð á hreyfingu og er það fagstjóri hreyfingar sem sinnir henni. Öll börn fara að minnsta kosti einu sinni í viku í hreyfistund í sal og á dagskipulagi deilda eru vettvangsferðir vikulega. Lýðræðisleg þátttaka barnanna er ekki mjög sýnileg nema helst í vali en starfsmenn töluðu um að börnin geti haft áhrif á hópastarfið og komið með hugmyndir að verkefnum. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að meta nám og þroska barnanna en meðal annars notar leikskólinn heilsubók barnanna sem Heilsustefnan gefur út. Tækifæri felast í aukinni lýðræðislegri þátttöku barnanna og að því að bæta aðgengi barnanna á yngri deildum að leikefni.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð er starfandi sem og foreldrafélag og hvort tveggja styður vel við leikskólastarfið. Foreldraráð fundar reglulega og eru fundargerðir birtar á heimasíðu leikskólans. Viðhorf foreldra til leikskólans er gott, þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um hann, starfsmenn og stjórnendur. Þeir telja að börnunum sé mætt af virðingu og hlýju, starfsandi sé góður og þeir upplifa mikinn metnað og samstöðu hjá starfsmönnum. Til er Foreldrahandbók með hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra. Leikskólinn notast við Karellen skráningarkerfið og geta foreldrar sótt sér daglegar upplýsingar um barnið þangað. Bæta má upplýsingagjöf frá deildum um starfið í leikskólanum. Huga mætti að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum. Skipulega er staðið að samstarfi við grunnskólann um aðlögun barna á milli skólastiga.

Skóli án aðgreiningar

Sveitafélagið Vogar er með þjónustusamning við Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar um ráðgjöf og þjónustu við sérkennslubörn. Farið er eftir ákveðnu verklagi þegar grunur vaknar um þroskafrávik barna. Sérkennslustjóri er starfandi á Suðurvöllum og gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Starfsfólk deilda er upplýst um þroskafrávik barna á sinni deild en huga mætti að upplýsingagjöf og fræðslu til alls starfsfólks. Móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku er ekki til staðar en boðið er upp á túlkþjónustu á fundum og í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna.

Innra mat

Innra mat leikskólans er kerfisbundið með áætlunum þar sem tilgreind eru viðmið um árangur. Matið er samofið daglegu skólastarfi og fjölbreyttra gagna er aflað. Matsteymi hefur yfirumsjón með matinu í leikskólanum en allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í umræðum um þróun og umbætur. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun er sett fram í starfsáætlun. Foreldraráð kemur að innra mati með lestri skólanámskrár en gefa ætti foreldum færi á að hafa aðkomu að því að ákveða áherslur í innra mati með því að eiga fulltrúa í matsteymi.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Heilsuleikskólanum Suðurvellir. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 18.–20. september 2019. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra Suðurvalla á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýni-viðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og haft var samband við bæjarstjóra sveitafélagsins Voga. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Heilsuleikskólinn Suðurvellir

Leikskólinn Suðurvellir í Vogum á Vatnsleysuströnd hóf starfsemi 9. október 1991. Fyrstu 10 árin var aðeins ein deild en árið 2001 opnuðu tvær deildir til viðbótar og er leikskólinn síðan þriggja deilda. Deildirnar bera nöfn örnefna í nágrenni skólans og heita Lágibjalli, Háibjalli og Lyngbjalli. Deildarnar eru aldurskiptar. 59 börn á aldrinum eins árs til fimm ára eru í leikskólanum, 27 stúlkur og 32 drengir. Á Háabjalla eru 25 börn, 11 eru fædd 2014 og 14 fædd 2015. Á Lyngbjalla er 21 barn, 13 eru fædd 2016 og átta fædd 2017. Á Lágabjalla eru 13 börn, Sex eru fædd 2018 og sjö fædd 2017. Heilsuleikskólinn Suðurvellir er eini leikskólinn í sveitafélaginu og er opinn frá klukkan 7:30-17:00. Dvalartími barnanna er frá fjórum klst. upp í níu og hálf klukkustund á dag. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku er 15 og tungumál eru fimm, það er pólska, lettneska, norska, enska og portúgalska. Þrjú börn njóta stuðnings og sérkennslu.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 19 starfsmenn í 16,53 % stöðugildum, 18 konur og einn karl. Stöðugildi vegna ræstinga og eldhúss eru 2,57. Stöðugildi við stjórnun er 1.30% og kennslu eru 12,21 og skiptast þannig: Leikskólakennarar eru í 4,37 % stöðugildum, Leiðbeinandi A í einu stöðugildi, Íþróttافرæðingur í einu stöðugildi og aðrir starfsmenn í 7,59 % stöðugildum þar af einn sem er leikskólaliði og annar með húsmæðraskólapróf. Leikskólastjóri er í 100% starfshlutfalli og er leikskólakennari með Diplómu ED í stjórnun menntastofnana. Aðstoðarleikskólastjóri í 30% stjórnunar- og 70 % sérkennslustjórastöðu er leikskólakennari. Deildarstjórar eru þrír og er einn leikskólakennari, annar með B.d í leikskólakennarafræðum og sá þriðji með grunnskólapróf .

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að búið væri að fá fjárhagsheimild til að ráða tvo viðbótar starfsmenn í stuðning við deildar sem eru með þunga barnahópa. Búið var að ráða þroskaþjálfara sem aðeins var búinn að starfa í nokkra daga og er hinn starfsmaðurinn væntanlegur í október.⁴

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.

Fram kom hjá leikskólastjóra að stöðugleiki væri í starfsmannahópnum og hafa níu starfsmenn starfað lengur en fimm ár.⁵

Húsnæði

Fyrstu 10 árin var leikskólinn aðeins ein deild en árið 2001 var byggt við húsið. Í dag eru Suðurvellir þriggja deilda leikskóli. Húsið er byggt sem lengja. Í öðrum hluta hússins, elsta hlutanum er Lágibjalli (yngstu börnin). Þar eru tvær leikstofur, sulluherbergi, hreinlætisaðstaða og fataklefi. Þar er einnig glerhýsi/sólskáli með hellulögðu gólfi sem eingöngu er hægt að nýta í þurru veðri þar sem hann lekur og er óhitaður. Í hinum endanum er Lyngbjalli (tveggja til þriggja ára börn) þar eru þrjár stofur, hreinlætisaðstaða og fataklefi. Á Háabjalla eru tvær leikstofur, hreinlætisaðstaða og fataklefi. Úr fataklefunum er beint útgengi í garðinn. Við útgang úr fataklefa Lyngbjalla er salerni til að nýta í útiveru. Sameiginleg svæði í miðrymi leikskólans eru listaskáli, hreyfi- og tónlistarsalur og matsalur. Eldhús og þvottahús er við hliðina á matsalnum og er eldað frá grunni í leikskólanum. Öll börn skólans borða í matsalnum í tveimur hópum. Þá liggur gangur í gegnum húsið og sitt í hvorum endanum er þar bókasafn og samverukrúkur. Á móti eldhúsinu eru svo kaffistofa starfsmanna og salerni starfsmanna. Kaffistofa starfsmanna er rúmgóð og vel búin. Við hlið kaffistofu starfsmanna er inngangur starfsmanna inn í litla forstofu þar sem eru fataskápur og læsanleg munahólf starfamanna. Við hliðina er rúmgóð skrifstofa leikskólastjóra. Þá er þar næst undirbúningsaðstaða starfsmanna, frekar lítil en ágætlega búin tækjum sem er haganlega fyrir komið. Á móti undirbúningsherbergi er herbergi sem nýtt er fyrir sérkennslu, viðtöl og sem skrifstofa aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra. Tvær litlar geymslur eru á ganginum. Á lóðinni utan girðingar var um tíma færanlegt hús sem var nýtt sem fjórða deild. Þegar hennar var ekki lengur þörf var húsið tekið en grunnurinn skilinn eftir og tyrft yfir. Þannig að auðvelt er að bæta við einni deild ef börnum fjölgar aftur í sveitafélaginu.

4 Viðtal við leikskólastjóra.

5 Viðtal við leikskólastjóra, heimasíða Suðurvalla.

Í vettvangsathugun sást að mikið er lagt upp úr snyrtilegu, fallegu og vistlegu umhverfi og að vel er gengið um skólann. Þá sást einnig að víða var búið að setja hljóðeinangrandi veggdúka en matsmenn upplifðu góða hljóðvist í húsinu.

Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.

Í rýnivíðtölum kom fram almenn ánægja með húsnæðið nema að viðhaldi væri ábótavant. Mikill leki í lofti kaffistofu starfsmanna er búinn að vera viðvarandi mjög lengi og rakaskemmdir í lofti og loftbita. Þá er leki í geymslu, fataklefa Háabjalla og í sólskála. Leikskólastjóri hefur látið viðkomandi aðila vita af því reglulega en ekki hefur verið brugðist við því og segir hún að almennt líði oft of langur tími frá því að beiðni er send og þar til viðhald eigi sér stað.⁶ Meðan á vettvangsathugun stóð rigndi mikið og stöðugt dropaði úr lofti kaffistofunnar og var nokkrum fötum dreift um gólfíð til að taka við vatninu. Var ekki hægt að nota sólskálann fyrir börnin vegna bleytu. Þá fundu matsmenn mikla rakalykt í annarri geymslunni.⁷

Fram kom í rýnihópi foreldra að aðbúnaður í fataklefum mætti vera betri. Það vantar skógrindur undir fatahólf barnanna þannig að skórnir fara út um allt. Þá eru fatahólfin lítil og þröngt er um hvert barn.⁸

Útileiksvæði

Útileikssvæði Suðurvalla er frekar lítið og liggur meðfram annarri langhlið skólans og er alveg flatt. Útileiksvæðið var upphaflega gert fyrir einnar deildar leikskóla og er ekki hægt að stækka þar sem sveitafélagið á ekki aðliggjandi lóðir. Starfsfólk leysir það með því að skipta barnahópnum í útiveru og fara með hluta hópsins í vettvangsferðir. Yngstu börnin fara út á morgnana og þau eldri eftir hádegi. Miklar endurbætur hafa átt sér stað á lóðinni undanfarin ár. Gúmmísteypa í björtum litum var sett sem undirlag á hluta lóðarinnar og þar komið fyrir fjölbreyttum leiktækjum og umkringt stórum steinum. Í kringum sandkassa og undir rólur voru settar gúmmí-netmottur en þær liggja víða lausar ofan á grasinu svo hættu er á að reka tærnar í og detta um þær. Mikil fjölbreytni er í gerð leiktækja s.s. vegasalt, klifurhús, lítill kastali með rennibraut, rólur sem henta yngstu börnunum svo og þeim eldri, geimskip, seglskip og stórir rekaviðarstaurar til að príla í. Hjólabraut er malbikuð hringinn í kringum leiktækinn þar sem er máluð gangbraut. Nýr, stór leikfangaskúr er á lóðinni og er þar mikið af fjölbreyttum útileikföngum s.s. útikubbar. Útisvæðið er girt af með álgirðingu sem veitir ekki skjól og meðfram henni er trjábeð. Í trjábeðinu eru nokkrar lágvaxnar trjáplöntur.

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að ætlunin hafi verið að planta stórum skjólgóðum trjáplöntum hringinn í kringum útisvæðið til að mynda skjól en ekki hafi enn orðið af því.⁹

Deildarstjórar sögðu að mikill munur væri á útisvæðinu eftir lagfæringar. Mikið hefði verið um pollamyndanir en það hefði verið lagað sl. sumar. Þó höfðu þeir áhyggjur af slysaættu af lausum gúmmí-mottum.¹⁰

Hugmyndafræði og áherslur

Suðurvellir er vottaður heilsuleikskóli og hefur verið það síðan 2005 og tilheyrir því samtökum heilsuleikskóla.¹¹ Yfirmarkmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi. Í dagskipulagi er börnunum gefinn góður, samfelldur tími til leiks jafnt innan dyra sem utan. Lögð er áhersla á fjölbreytilegt leikefni og opinn efnivið.¹² Varðandi sérkennslu er starfað eftir hugmyndafræði heildtæktrar skólustefnu sem byggir á að aðstoða börn með sérþarfir sem mest í barnahópnum.¹³ Námsgæði leikskóla sem kveðið er á um í Aðalnámskrá leikskóla 2011 eru fléttuð inn í daglegt starf og endurspeglar grunnþætti menntunar. Í starfi með yngstu börnunum er horft til Elinor Goldschmied sem hefur útfært könnunarleikinn. Varðandi samskipti eru virðing og umhyggja leiðandi hugtök og eru samskiptakenningar Beritar Bae hafðar að leiðarljósi.¹⁴ Síðasta ár hófst innleiðing á kennsluáferðinni Leikur að læra og heldur sú innleiðing áfram.¹⁵

6 Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópar starfsmanna, deildarstjóra, leikskólakennara og foreldra.

7 Vettvangsathugun.

8 Rýnivíðtal við foreldra.

9 Viðtal við leikskólastjóra.

10 Rýnivíðtal deildarstjóra

11 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

12 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

13 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

14 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

15 Starfsáætlun Suðurvalla 2019–2020.

Einkunnarorð Suðurvalla eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ og gildi leikskólans eru: Virðing, umhyggja, samvinna og gleði.¹⁶ Bæði einkunnarorð og gildi eru sýnileg í leikskólanum og allflestir í rýnihópum gátu nefnt þessa þætti og voru meðvitaðir um þá. Í vettvangsathugun og í rýnihópum komu stefna og áherslur leikskólans vel í ljós. Almenn ánægja með stefnu skólans var bæði hjá starfsfólki og foreldrum.¹⁷

Styrkleikar

- Stöðugleiki er í starfsmannahópnum.
- Leikskólinn er snyrtilegur, fallegur, vistlegur og vel umgenginn.
- Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.
- Mikil fjölbreytni er í leiktækjum á útsvæði.
- Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskrá og er mjög sýnileg í starfi.
- Einkunnarorð og gildi leikskólans eru sýnileg.
- Mikill samhljómur og ánægja er hjá starfsfólki og foreldrum um stefnu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr.87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Áfram þarf að leita leiða til að ráða leikskólakennara í deildarstjórastöður.
- Brýnt er að lagfæra húsnæði til að koma í veg fyrir leka.
- Bæta má aðbúnað í fataklefum s.s. með skógrindum.
- Ganga má betur frá gúmmímottum á lóð.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Heilsuleikskólans Suðurvalla er sveitarfélagið Vogar og er Suðurvellir eini leikskólinn í sveitarfélaginu. Bæjarstjóri er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem skipuð er fimm fulltrúum og fimm varafulltrúum sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitastjórnarkosningum. Fræðslunefnd fer m.a. með málefni leikskólans.¹⁸ Árið 2008 var mótuð skólastefna sveitarfélagsins. Einkunnarorð stefnunnar eru samvinna, víðsýni og vellíðan. Fræðslunefnd Sveitarfélagsins Voga ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í samráði við stjórnendur skóla og frístundastofnana sveitarfélagsins.¹⁹ Áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins endurspeglast í starfi leikskólans. Fræðslunefnd fer með faglegt og rekstrarlegt eftirlit með starfsemi leikskólans. Fundir eru einu sinni í mánuði. Leikskólastjóri mætir á fundi með málefni leikskólans en fram kom í viðtali við leikskólastjóra að hún saknaði þess að fræðslunefnd hafi ekki frumkvæði að því að kalla eftir málefnum í meira mæli.²⁰ Í símaviðtali við bæjarstjóra Voga kom fram að samskipti við leikskólastjóra væru til fyrirmyndar, uppbyggileg, fagleg og gott væri að leita til hennar með málefni. Svör við fyrirspurnum væru ígrunduð og greinargóð og fjármálastjórnun leikskólans einnig til fyrirmyndar. Sveitarfélögin Vogar og Suðurnesjarbær sameinast um félagsþjónustu þessara sveitarfélaga en þjónustusamningur er við Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar um ráðgjöf við leikskólann. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sækja fundi á Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar. Aðstoðarleikskóla-

16 Starfsáætlun Suðurvalla 2019-2020.

17 Rýniviðtöl deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmanna og foreldra.

18 Heimasíða sveitarfélagsins Voga.

19 Skólastefna sveitarfélagsins Voga.

20 Viðtal við leikskólastjóra.

stjóri sem einnig er sérkennslustjóri sækir mánaðarlega fundi sérkennslustjóra í Hafnarfirði. Samskipti við Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar er góð að mati stjórnenda og yfirleitt er ekki löng bið eftir þjónustu. Sálfræðingur kemur einu sinni í viku og sinnir báðum skólastigum. Foreldrar hafa val um hvort þeir sækji ungubarnaeftirlit til Heilsugæslu Suðurnesja eða Heilsugæslu Hafnarfjarðar en gott samstarf er á milli leikskólans og beggja heilsugæslustofnana ef grunur vaknar um frávík.²¹

Námskrá og áætlanir

Leikskólastjóri hefur forystu um gerð skólanámskrár. Skólanámskrá Suðurvalla kom fyrst út 2003 og hefur verið uppfærð reglulega, síðast árið 2019 þá í fimmta sinn. Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans. Skólanámskráin tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011, lögum og reglugerðum um leikskóla 2008, áherslum og umhverfi leikskólans og skólastefnu Sveitarfélagsins Voga.²² Skólanámskráin uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr.90/2008. Ekki kemur fram í skólanámskránni hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst í grunnskóla eða á milli leikskóla. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að allir starfsmenn komu að gerð skólanámskrár. Foreldrar voru boðaðir á fund við gerð skólanámskrár en enginn mætti.²³ Skólanámskrá er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar.²⁴ Þá kemur fram í viðtali við leikskólastjóra að aðkoma barnanna sé engin en það sé á áætlun að bæta úr því.²⁵

Starfsáætlun er gerð árlega. Leikskólastjóri hefur umsjón með gerð hennar og kemur með hugmyndir sem eru ræddar á starfsmannafundum og skipulagsdögum.²⁶ Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar. Í starfsáætlun má sjá stefnukort leikskólans og megináherslur næsta skólaár. Áætlunin byggir á mati skólans sl. skólaár og því þróunar- og nýbreytnistarfi sem framundan er. Í starfsáætlun eru upplýsingar um starfsmannamál, áætlun um samstarf, viðbragðsáætlun ef slys ber að höndum, rýmingaráætlun svo og skóladagatal.²⁷ Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans.

Starfsmannahandbók var gerð 2008 og er hún endurskoðuð annað hvert ár, síðast 2018. Þar er m.a. að finna áfallaáætlun leikskólans. Allir starfsmenn fá hana í hendur er þeir hefja störf við leikskólann, þá liggur hún frammi á hverri deild.²⁸

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Suðurvalla er til og er hún unnin í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.²⁹

Foreldrahandbók var síðast endurskoðuð 2018 hún inniheldur hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra og fá þeir hana afhenta við upphaf leikskólagöngu barnsins.³⁰ Hún er einnig birt á heimasíðu leikskólans. Þá fá foreldrar afhenta aðlögunaráætlun á fyrsta leikskóladegi barnsins.

Á heimasíðu leikskólans er einnig að finna Læsisstefnu Heilsuleikskólans Suðurvalla og áætlun læsisstefnu 2016-2017. Þá er þar Viðbragðsáætlun vegna inflúensu, aðgerðaráætlun gegn einelti og viðbragðsáætlun í eineltismálum.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er skýr að þeirra mati og er hún skráð. Verkaskipting hefur ekki verið kynnt fyrir öðru starfsfólki.³¹ Leikskólastjóri hefur stýrt starfinu frá árinu 2008 og er í 100% stjórnunarstöðu. Hann ber ábyrgð á starfsmannahaldi, rekstri og daglegri stjórn. Aðstoðarleikskólastjóri er í 30% stjórnunarstöðu og 70% stöðu sérkennslustjóra. Hann er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans. Hann sér m.a. um handleiðslu nýrra starfsmanna og tekur starfsmannasamtöl á móts við leikskólastjóra. Skólastjórnendur skipta með sér verkefnum og yfirábyrgð á verkefnum og vinna í nánu samstarfi og áhersla er á samráð og sameiginlega ákvarðanatöku.³² Stjórnendur mynda ásamt deildarstjórum stjórnendateymi leikskólans og funda þeir daglega kl.8:15-8:30 til að taka stöðuna í húsinu og miðla upplýsingum. Einnig fundar stjórnarateymi tvisvar í mánuði í 45. mín.³³ Deildarstjórar bera ábyrgð á sinni deild og skipuleggja starfið þar út

21 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

22 Skólanámskrá Heilsuleikskólans Suðurvalla 2019.

23 Viðtal við leikskólastjóra.

24 Rýniviðtal við foreldra og leikskólastjóra.

25 Viðtal við leikskólastjóra.

26 Viðtal við leikskólastjóra.

27 Starfsáætlun Heilsuleikskólans Suðurvalla 2019–2020.

28 Starfsmannahandbók Heilsuleikskólans Suðurvalla 2018.

29 Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Suðurvalla.

30 Foreldrahandbók Heilsuleikskólans Suðurvalla 2018.

31 Viðtal við leikskólastjóra.

32 Skriflegt samkomulag um verkaskiptingu og vinnutillögum Leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra Suðurvalla.

33 Heilsuleikskólinn Suðurvellir starfsmannahandbók 2018, viðtal við leikskólastjóra.

frá sameiginlegri stefnu og ákvörðunum.³⁴ Deildarstjórafundir eru einu sinni í mánuði og er þar fjallað um allt sem viðkemur starfinu.³⁵ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að samstarf milli deildarstjóra mætti vera meira, meiri starfsfélagastuðningur og samráð. Vilji er fyrir hendi en tíma skortir. Í raun þyrftu deildarstjórafundir að vera einu sinni í viku.³⁶ Deildarfundir eru áætlaðir einu sinni í mánuði í 45 mínútur í senn. Í rýniviðtölum kom fram að það gangi ekki alltaf upp, erfitt sé að finna tíma í nýju dagskipulagi sem tekið var upp í haust en verið sé að leita lausna.³⁷ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að deildarfundir væru oft hluti af skipulagsdegi. Fundargerðir eru skráðar og fyrir fundinn skráir starfsfólk í þar til gerða bók, hugmyndir að umræðu.³⁸ Skipulagsdagar eru fimm á ári og eru í skólalagatali. Starfsmannfundir eru tveir á önn og eru auglýstir með mánaðar fyrirvara.³⁹ Dagskrá er auglýst og fundargerðir ritaðar. Lögð er áhersla á að teknir séu samningsbundnir undirbúningstímar. Að sögn deildarstjóra tekst það ekki alltaf á umsömdum tíma þá aðallega vegna manneklu. Haldin er skráning um töku undirbúningstíma og er ótekinn undirbúningstími bættur með nýjum tíma eða yfirvinnu. Aðrir starfsmenn fá einnig undirbúningstíma á meðan barnahópur viðkomandi fer í hreyfistund til íþróttafraeðings í sal einu sinni í viku.⁴⁰ Öll laus störf eru auglýst á heimasíðum leikskólans og sveitarfélagsins svo og í dagblöðum og hjá Kennarasambandinu. Nýir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og óskað er eftir sakavottorði áður en ráðning fer fram.⁴¹ Ef upp kemur ágreiningsmál í starfsmannahópnum er það sent í samráðsteymi sem í sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og viðkomandi deildarstjóri. Starfsmenn eru hvattir til að senda áhyggjur sínar í samráðsteymið.⁴²

Fagleg forysta

Leikskólastjóri sagðist í viðtali vera ábyrgur og traustur, samkvæmur sjálfum sér og sýna fólki og fjölbreytileika virðingu. Hann telur sig vera jafnréttissinna sem gerir kröfur og taki á málum. Í samskiptum segist hann hlusta á fólk og sjónarmið þess og hvetja fólk til að tjá sig. Hann viðurkenni mistök sín og leyfi mistök og reyni að byggja fólk upp. Hann telur sig mjög sýnilegan í skólanum, er alltaf á ferðinni og nýtir veru sína á deildum til að greina, sýna góða fyrirmynd og minnir á stefnu skólans, aðalnámsskrá, lög og reglur. Reynir að hrósa en mætti vera meðvitaðri um það.⁴³ Aðstoðarleikskólastjóri lýsir sér sem ákveðnum en sanngjörnum stjórnanda sem vilji hafa hlutina í lagi. Hann vill að börnin séu í forgrunni, að komið sé vel fram við þau og af virðingu. Hann segist grípa inn í ef svo sé ekki. Hann fer mikið inn á deildir, oft til að leysa af eða til að vinna með ákveðin börn.⁴⁴ Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta á milli sín að taka starfsþróunarsamtöl einu sinni á ári og skrá þau. Í rýnihópum kom fram að stjórnendur komi mikið inn á deildir en mættu veita meiri endurgjöf. Vinnubrögð eru lýðræðisleg og hlustað er á sjónarmið allra.⁴⁵ Leikskólakennarar sögðu leikskólastjóra mjög sýnilegan og virkan í starfi, aðgengi að honum væri gott og hann skapaði mikla ró í kringum sig. Leikskólastjóri noti fundi og starfsþróunarsamtöl til að veita endurgjöf. Hann sé duglegur og hafi gert mikið fyrir skólann síðustu ellefu árum. Stjórnun er góð og vel er haldið utan um starfið og vel búið að starfsfólki.⁴⁶ Starfsfólk taldi aðgengi að stjórnendum gott og góð samskipti við þá. Þeir telja sig fá endurgjöf og hrós frá stjórnendum og finni að störf þeirra séu metin. Hlustað er á starfsfólk og allir fá að hafa rödd.⁴⁷ Foreldrar sögðu samskipti við stjórnendur góð og gott aðgengi að þeim. Leikskólastjóri sé mjög sýnilegur í starfi og þeir upplifi mikinn faglegan metnað.⁴⁸ Börnin sögðu að leikskólastjórinn heiti María og Hanna (aðstoðarleikskólastjóri) hjálpar leikskólastjóranum. María er góð og gerir mjög mikið, hringir í Jóa vinnumann ef hann á að laga eitthvað.⁴⁹

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum rýnihópum kom fram að skólabragur væri góður. Mikill mannauður er í húsinu, góður starfsandi og góð nærvera. Gleði, metnaður og virðing einkennir starfið og starfsfólk er duglegt að miðla hugmyndum. Starfsfólk nefndi að líðan í starfi væri góð enda fjölskylduvænn vinnustaður og fallett vinnuumhverfi. Störf þeirra væru vel metin af stjórnendum og gott væri að leita til þeirra.⁵⁰

Til að viðhalda góðum starfsanda er starfandi starfsmannafélag sem kýs skemmtinefnd sem stendur fyrir ýmiskonar hópefli og samveru. Góð þátttaka er í því sem hópurinn gerir saman, t.d. er verið að

34 Viðtal við leikskólastjóra.

35 Rýniviðtal við deildarstjóra.

36 Rýniviðtal við deildarstjóra.

37 Rýniviðtal við starfsmenn, deildarstjóra.

38 Rýniviðtal við deildarstjóra.

39 Viðtal við leikskólastjóra.

40 Rýniviðtal við deildarstjóra.

41 Viðtal við leikskólastjóra, Starfsmannahandbók 2018.

42 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

43 Viðtal við leikskólastjóra.

44 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

45 Rýniviðtal við deildarstjóra.

46 Rýniviðtal við leikskólakennara.

47 Rýniviðtal við starfsmenn.

48 Rýniviðtal við foreldra.

49 Rýniviðtal við börn.

50 Rýniviðtal deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

undirbúa helgarferð til Póllands.⁵¹ Leikskólastjóri segir að sér líði mjög vel í starfi og að mikið traust ríki í starfsmannahópnum. Hann fær oft hrós frá starfsmönnum en það mættu vera meiri viðbrögð frá bæjarstjóra sem er næsti yfirmaður hans.⁵²

Styrkleikar

- Skólafélag sveitarfélagsins er til og endurspeglar í starfi leikskólans.
- Allir starfsmenn koma að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Starfsmenn þekkja stefnu og áherslur leikskólans og var samhljómur um þá þekkingu í viðtölum og rýnihópum.
- Skólanámskrá, starfsáætlun, starfsmannahandbók og foreldrahandbók eru mjög upplýsandi og aðgengilegar m.a. á heimasíðu leikskólans.
- Aðgengi að stjórnendum er gott svo og samskipti við þá.
- Starfsfólk fær hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Skólabragur er góður, góður starfsandi, gleði, metnaður og virðing einkennir samskipti.
- Starfsmannafélag er í leikskólanum og sér skemmtinefnd um ýmsa viðburði þar sem góð þátttaka er af starfsfólki.
- Samskipti leikskólastjóra við stjórnarsýslu sveitafélagsins Voga eru góð og til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

- Fræðslunefnd mætti sýna meira frumkvæði í að kalla eftir málefnum frá leikskólanum.
- Kynna mætti verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fyrir öðru starfsfólki.
- Leita þarf leiða til að fá foreldra til að taka þátt í gerð skólanámskrár.
- Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja börnum þegar þau flytjast í grunnskóla eða á milli leikskóla.
- Leita þarf leiða til að fá fram þátttöku barna í gerð skólanámskrár.
- Uppfæra mætti áætlun læsisstefnu sem er síðan 2016–2017.

51 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

52 Viðtal við leikskólastjóra.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Á deildum er gert ráð fyrir að börnin geti verið í litlum hópum í lokuðu rými til að minnka áreiti og hávaða. Á yngri deildum er meðal annars boðið upp á að vera með svampkubba og hnoðast í þessum rýmum auk þess sem starfsmenn geta boðið upp á annað leikefni svo sem ýmiskonar kubba. Elsta deildin hefur einingarkubba, holukubba og hlutverkaleik í lokuðu rými. Sameiginlegt rými er listasmiðja og salur til tónlistar- og hreyfipjálfunar. Borðað er í sameiginlegum matsal og þar af leiðandi er lítið um borð og stóla inni á deildum sem gefur meira gólfrymi fyrir leik barna og hreyfingu. Á yngstu deildinni er mikið um stóra spegla niður við gólf. Starfsmenn nota nágrenni leikskólans mikið til vettvangsferða en þær eru á dagskipulagi allra deilda. Stefna leikskólans er að hafa opinn efnivið fyrir börnin, t.d. alls konar kubba.⁵³ Fjölbreyttur efniviður er til staðar en hann var ekki aðgengilegur á deildum. Á yngri deildunum mætti aðgengi barnanna að leikefni vera betra. Skúffuskápur með lokuðum skúffum er þeim aðgengilegur en annar efniviður var geymdur hátt uppi og ekki sýnilegur. Aðgengi elstu barnanna að leikefni er gott en mikið er um að leikefni sé í lokuðum plastkössum af ýmsum stærðum. Einingarkubbar voru á öllum deildum og holukubbar á tveimur eldri deildunum. Á öllum deildum eru þemakassar með ítarefni í hlutverkaleikinn. Litir og blöð voru inni á öllum deildum og einnig voru bækur sýnilegar alls staðar en á yngri deildunum voru þær hafðar hátt uppi þannig að börnin ná þeim ekki. Salur til hreyfipjálfunar er vel búinn fjölbreyttur efniviði. Í listasmiðju er einnig fjölbreyttur efniviður og er aðgengi barnanna að honum gott. Sameiginlegt bókasafn er til staðar og vísir að leikfangabanka.

Verið er að innleiða nýtt dagskipulag fyrir leikskólann en í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 kemur fram að innleiða eigi nýtt dagskipulag sem mætir þörfum allra barna.⁵⁴ Megináherslur í nýja skipulaginu eru þannig að fyrir hádegi sé samfeldur tími til vinnu með börnunum. Kaffitími starfsmanna breytist, þeir voru áður tveir yfir daginn en verður einn lengri í kringum hádegi. Gerður var rammi að dagskipulagi fyrir allan leikskólann en síðan er það í höndum hvers deildarstjóra í samvinnu við starfsfólk deildarinnar að útfæra það og aðlaga sinni deild. Gert er ráð fyrir að dagurinn skiptist á milli frjálsra leika, hópstarfs, vals og útivistar. Í skólanámskrá Suðurvalla er talað um að jafnvægi eigi að ríkja á milli ólíkra þátta í leikskólastarfinu ýmist í hópstarfi eða í einstaklingsverkefnum.⁵⁵ Eitt af markmiðum í nýju dagskipulagi er að minnka álag á útsvæði og er því gert ráð fyrir að yngri börnin fari út fyrir hádegi en eldri eftir hádegi.

Starfshættir

Í skólanámskrá, í kafla um leiðarljós leikskólastarfsins kemur fram að starfsmenn hafa sammælt um að virðing, umhyggja, samvinna og gleði verði leiðarljós okkar í starfinu hér á Suðurvöllum og að leiðarljósin fléttast inn í alla starfs- og kennsluhætti leikskólans.⁵⁶ Í umbótaáætlun 2019-2020 segir að deildir skuli vinna með tvö gildi á haustönn, virðingu og umhyggju og tvö á vorönn, samvinnu og gleði. Leggja beri áherslu á að innleiða þessi gildi í starfinu.⁵⁷ Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að í nýja dagskipulaginu væri ekki byrjað að vinna markvisst með gildin en það kæmi.⁵⁸ Á öllum deildum er til gott skipulag fyrir hópavinnu og hugmyndir um hvað og hvernig er hægt að vinna að markmiðum leikskólans. Í rýnihópum kom skýrt fram að allir starfsmenn eru þátttakendur í því að skipuleggja starfið á deildinni og að hlustað er á þá. Þá kom fram að samstarf á deildum og á milli deilda væri gott og að starfsmenn miðli hugmyndum sín á milli.⁵⁹ Á vettvangi var samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum sýnileg. Matsaðilar sáu að á Háabjalla var börnunum markvisst skipt í minni hópa yfir daginn sem starfsmenn fylgdu eftir og nýttu allt húsnæðið. Á yngri deildum var meira um það að starfsmenn hefðu tilhneigingu til að vera með öll börnin í einu rými. Einnig sást að í skipulögðum stundum á þessum deildum voru tveir starfsmenn saman með stærri barnahóp og skapaði það óróleika og bið hjá börnunum. Í framhaldi af innra mati var matartímum breytti í haust þannig að börnunum er skipt í tvo hópa eftir aldri: yngri börn og eldri börn. Yngri börnin byrja fyrir en áður að borða eða rétt fyrir klukkan ellefu. Hver starfsmaður hefur sinn barnahóp sem hann fer með í matsal og borðar með þeim

53 Viðtal við leikskólastjóra.

54 Starfsáætlun Suðurvalla 2019-2020.

55 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

56 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

57 Umbótaáætlun 2019-2020.

58 Rýnihópur deildarstjóra.

59 Rýniviðtal við leikskólakennara og starfsmenn.

og að lokinni máltíð fer hann aftur með hópinn inn á deild í hvíld. Markmiðið með þessu skipulagi er að skapa ró og minnka áreiti. Almennt voru starfsmenn sammála um að þessi breyting hefði tekist vel og á vettvangi sást að mikil ró var yfir matartímunum og yngstu börnunum hentaði vel að borða þetta snemma til að geta farið fyrr í hvíld. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeim finnst vera mikil faglegur metnaður í leikskólanum, gott viðmót og góð samskipti.⁶⁰

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í leikskólanum er ekki unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barnanna. Helst má sjá lýðræðislega þátttöku í vali á eldri deildunum en þar hafa börnin val um ákveðin viðfangsefni þó þau hafi ekki val um hvaða viðfangsefni eru í boði. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að eldri börnin séu oft spurð hvað þau vilji gera í hópastarfi eins og vettvangsferðum og listasmiðju. Einnig kom fram að þau fengju stundum að ráða hvaða bók væri lesin í sögustund og hvaða lög væru sungin í söngstund.⁶¹ Í rýnihópi barna sögðu börnin að kennararnir réðu og að þau fái ekki að ráða hvað þau gera. Þau mega ráða hvað þau leika með en þau megi ekki fara fram nema til að sækja dót og fara á klósett. Í hópstarfi ræður kennarinn.⁶² Í rýnivíðtölum kom fram að allir starfsmenn voru meðvitaðir um að bæta þarf lýðræðislega þátttöku barna. Matsmenn fundu greinlega að umræða var búin að eiga sér stað innan leikskólans um þetta. Meðal annars kom fram að áhugi er fyrir því að þróa leiðir til þátttöku barnanna í innra mati leikskólans.⁶³ Reglur í skólanum voru ekki sýnilegar börnunum og starfsmenn sögðu að börnin hefðu ekki komið að því að semja reglur. Í skólanámskrá Suðurvalla er talað um að unnið sé með viðurkennandi samskipti sem byggja á lýðræðislegri hugsun þar sem samskipti fullorðins og barns eru á jafningjagrundvelli.⁶⁴ Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og daglegar athafnir eru nýttar til náms og samskipta. Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni og hugmyndum bæði í samverustundum og í matartímum. Á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin og ræða við þau.

Námssvið

Í skólanámskrá Suðurvalla er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámsskrár: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*.

Til er læsisáætlun fyrir Suðurvelli þar sem meðal annars er lögð áhersla á læsi í víðum skilningi og að í dagskipulagi sé gert ráð fyrir að lesið sé að minnsta kosti einu sinni á dag fyrir börnin. Börnin eru hvött til frásagnar og eru meðal annars samverustundir og matartími notaðir til þess.⁶⁵ Á vettvangi sást að á yngri deildum var setið á gólfinu fyrir hádegismat með bækur og lesið fyrir börnin einnig voru lestrarstundir á eldri deildum. Til er fjölbreytt úrval af stöfum sem börnin hafa frjálst aðgengi að til að leika sér með og box með efniviði eru merkt með orðum en stafróf er ekki sýnilegt í umhverfinu. Verkefnið *Lubbi og málbeinið* var sýnilegt í leikskólanum og sást á vettvangi að unnið er með það á öllum deildum. *Tákn með tali* er lítillaga notað, börnin áttu sitt tákn og í rýnihóp barna kom fram að þau vissu og kunnu ýmislegt um tákni.

Heilsuefling er hluti af daglegu starfi leikskólans. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og er fagstjóri hreyfingar íþróttafæðingur sem sér um að skipuleggja hreyfistundir og vinna með börnunum í sal. Yngstu börnin fara einu sinni í viku í sérstaka hreyfistund í salnum og tveir elstu árgangarnir tvisvar í viku. Unnið er með áhersluþætti Heilsustefnunnar og verkefnið *Leikur að læra*. Daglega er farið út ef veður leyfir og öll börn fara einu sinni í viku í vettvangsferðir í nágrenni leikskólans. Fram kom í rýnihópum að umhverfi leikskólans býður upp á mikla fjölbreytni í vettvangsferðum stutt sé í fjölbreytta náttúru og að starfsmenn séu duglegir að notfæra sér þau sérkenni sem náttúra sveitafélagsins býður upp á.⁶⁶ Sérstök áhersla er lögð á hollt matarræði og að matur sé unninn frá grunni í leikskólanum. Öll börn fara í hvíld á hverjum degi. Vellíðan barna er studd með því að skapa öryggiskennd og stuðla að þróun jákvæðrar sjálfmyndar hjá börnunum.⁶⁷ Jákvæð og glaðleg samskipti stuðla að vellíðan barna og starfsmanna.

60 Rýnihópur foreldra.

61 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmann.

62 Rýnihópur barna.

63 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

64 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

65 Rýnihópur deildarstjóra.

66 Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

67 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

Í tengslum við námsviðið sjálfbærni segir meðal annars í skólanámskrá að í vettvangsferðum kynnist börnin og læri að virða náttúruna, umhverfið og þær auðlindir sem við eigum. Þau upplifa breytingar í náttúrunni eftir árstíðum. Kynnast lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra og vekja börnin til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun.⁶⁸ Flokkun sorps og endurnýting var ekki sýnileg. Vísindastarf var lítið sýnilegt þá daga sem matsaðilar dvöldu á vettvangi. Aðstaða fyrir sull er í sér herbergi og ljósaborð er til. Einingakubbar og holukubbar eru á öllum deildum. Numicon er á elstu deildinni og á vettvangi var sýnilegt hvernig unnið er með það. Tölustafir voru ekki sýnilegir í umhverfinu. Könnunarleikur er á yngstu deildinni.

Í leikskólanum er sérstakt rými fyrir skapandi starf. Allar deildir hafa aðgengi að því samkvæmt ákveðnu skipulagi og hluti hópastarfsins fer þar fram. Á deildum eru litir blöð og skæri í boði fyrir börnin. Fram kom að mikið er unnið með leikdeig sem útbúið er með börnunum. Á vettvangi var það mjög sýnilegt. Myndverk og annað skapandi starf barnanna var almennt lítið sýnilegt. Elstu börnin fara einu sinni á ári í heimsókn á bókasafn bæjarins. Foreldrafélagið hefur boðið upp á leiksýningu fyrir börnin og elstu börnin hafa farið einu sinni á ári á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í skólanum er einstaklega gott, afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og skilningi milli aðila. Starfsmenn leitast við að sinna börnunum einstaklingslega og stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Í vettvangsathugun sáu matsmenn að starfsmenn yngri deilda sátu almennt á gólfinu hjá börnunum og léku við þau og almennt beygðu starfsmenn sig niður til barnanna þegar talað var við þau. Matsmenn fundu fyrir mikilli ró og yfirvegun hjá starfsmönnum og áberandi var hvernig starfsmenn beittu röddinni til að skapa gott andrúmsloft með börnunum. Í rýnihópi foreldra kom fram að börnin eru yfirleitt glöð og ánægð að koma í leikskólann og vilja jafnvel fara á frídögum. Einnig kom fram að það hafi vantað fólk á eina deild og þá hafi leikskólastjórinn verið þar á morgnana til að taka á móti börnunum og skapa öryggi hjá þeim.⁶⁹ Í foreldrakönnun Skólalámskrá frá 2017–2018 kemur fram að rúmlega 94% foreldra telja að barnið sé ánægt í leikskólanum. Í rýnihópi barnanna kom fram að það er gaman og þau eru glöð í leikskólanum. Nema þegar einhver er að stríða eða þegar einhver tekur dótið af manni en þá koma kennararnir og hugga mann og skamma þann sem er að stríða.⁷⁰

Mat á námi og velferð barna

Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og velferð barnanna. Í upphafi skólagöngu fær hvert barn Heilsubók barnsins sem er skráningartæki Heilsustefnunnar. Skráð er í hana tvisvar á ári í tengslum við foreldraviðtöl. Í tengslum við heilsubókina er metið heilsufar barnanna, hæð og þyngd, næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing, listsköpun, málskilningur og tjáning. Einnig kom fram að deildarstjórar hafa bætt við skráningu á áhugasviði barnsins og styrkleikum þess. Tras-listi er notaður en hann fylgist með máltöku tveggja til fimm ára barna og skimar eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna. EFI-2 er notað fyrir þriggja ára börnin en hann kannar málskilning og máltjáningu. Á haustin er gert Hljóm-2 próf á öllum elstu börnunum en það er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barnanna. Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn eru notaðir þegar það á við og unnið er með snemmtæka íhlutun. Börnin koma ekki að mati á líðan og framförum en það er á matsáætlun leikskólans til fjögurra ára.⁷¹ Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölum sem eru tvisvar á ári.⁷²

Styrkleikar

- Húsnæðið er rúmgott og býður upp á að skipta barnahópnum í minni hópa.
- Dagskipulag er endurskoðað reglulega miða við þroska og þarfir barna.
- Frjálsum leik er gefið gott rými.

68 Skólanámskrá Suðurvalla 2019.

69 Rýnihópur foreldra.

70 Rýnihópur barna.

71 Rýnihópur deildarstjóra.

72 Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við leikskólastjóra.

- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar er gott og vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Virðing, umhyggja og uppbyggjandi samskipti eru einkennandi milli starfsfólks og barna.
- Deildarstjórar skipuleggja og leiða faglegt starf á deildum en allir starfsmenn bera ábyrgð á ákveðnum barnahópi.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra. Samstarf og samvinna starfsmanna er sýnilegt á vettvangi.
- Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Mikil áhersla er lögð á hreyfingu, einn starfsmaður skipuleggur hreyfistundir og vinnur með öllum börnum leikskólans í sal.
- Lögð er áhersla á hollt matarræði og að vinna matinn frá grunni í leikskólanum.
- Unnið er markvisst með töluskilning og stærðfræði með Numicon kubbum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að bæta aðgengi barnanna á yngri deildum að leikefni og hafa leikföng og annan efnivið í þeirra hæð.
- Skoða þarf skipulag á yngri deildum með það í huga að í skipulögðum stundum sé börnunum skipt í minni hópa og að verkefni séu við hæfi.
- Æskilegt er að gera stafróf og tölustafi sýnilegri í umhverfinu.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.
- Æskilegt væri að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna.
- Gera mætti skapandi starfi hærra undir höfði með því að hafa verk barnanna sýnilegri.
- Auka mætti búnað og tæki til vísindastarfa.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Valið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti þar sem óskað er eftir foreldrum til starfa í ráðið. Fram kom í rýnihópi foreldra að foreldrar eru beðnir um að bjóða sig fram en erfitt er að manna foreldraráðið.⁷³ Til eru skráðar reglur og starfsáætlun fyrir foreldraráð. Leikskólastjóri boðar til funda með dagskrá. Fundargerðir eru ritaðar og eru þær birtar á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð hefur meðal annars fengið skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar ásamt öðrum skýrslum leikskólans.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru haldnir fundir eftir þörfum. Í stjórn félagsins sitja fimm fulltrúar og einn áheyrnarfulltrúi er frá leikskólanum. Ritaðar eru fundargerðir og hefur félagið sett sér starfsreglur sem birtar eru á heimasíðu leikskólans. Þar kemur meðal annars fram að markmið foreldrafélagsins er að tryggja velferð barnanna sem best með því að efla tengsl og samvinnu foreldra og starfsfólks og efla tengsl milli foreldra. Verkefni foreldrafélagsins eru margvísleg og hefur félagið boðið upp á ýmsar uppákomur s.s. jólaleikrit, skemmtiatriði á Suðurvalladaginn, myndatöku fyrir útskriftarbörn, gefið jólagjöf og sveitaferð svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur félagið styrkt leikskólann með kaupum á kennslugögnum og leikföngum. Fram kemur á heimasíðu að það er hagrur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag og eru foreldrar því hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins.⁷⁴

Kynningarfundir eru haldnir í júní fyrir foreldra allra barna sem byrja í leikskólanum að hausti. Foreldrahandbók er til þar sem fram koma ýmsar gagnýtar upplýsingar og fá foreldrar hana við upphaf leikskólagöngu barnsins. Í rýnivíðtali foreldra kom fram að þeir könnuðust við að hafa fengið þessa kynningu.⁷⁵ Aðlögun nýrra barna tekur um viku og er til sérstök áætlun um það sem foreldrum er kynnt í upphafi leikskólagöngu. Eftir um það bil tvær til þrjár vikur frá aðlögun er foreldrasamtal þar sem farið er yfir hvernig gengur og deildarstjóri fær nánari upplýsingar um barnið.⁷⁶ Foreldrasamtal er tvisvar á ári þar sem rætt er um líðan og þroska barnsins og heilsubók þess skoðuð. Í tengslum við aðalfund foreldrafélagsins og foreldraráðs er haldinn fræðslufundur fyrir foreldra þar sem reynt er að fá utanaðkomandi fyrirlesara með málefni sem tengjast heilsu og þroska barna.

Heimasíða leikskólans er virk og er hún notuð til að upplýsa foreldra og aðra um leikskólastarfið. Leikskólastjóri sendir póst á foreldra og fréttir á heimasíðu. Deildarfréttir eru settar inn á heimasíðu en ekki er til áætlun um ákveðið verklag varðandi það. Upplýsingatafla er í fataklefa á hverri deild þar sem skráðar eru upplýsingar og einnig eru settir miðar í hólfi barnanna. Karellen er notað til að koma upplýsingum til foreldra og lögð er áhersla á dagleg samskipti.⁷⁷ Í rýnihópi foreldra kom fram að dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt eru mikilvæg. Nota mætti tölvupóstinn meira en dregið hefur úr notkun hans undanfarið og að stundum mættu upplýsingar koma fyrr. Einnig kom fram að foreldrar fara ekki mikið inn á heimasíðu leikskólans til að leita sér upplýsinga.⁷⁸ Í foreldrakönnun Skólaláupsins 2018-2019 kemur fram að 75% foreldra telja sig vel upplýsta um viðfangsefni sem unnið er að á deild barnsins.⁷⁹

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott. Þeir voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn. Þeir segjast eiga góð samskipti við starfsfólk og viðhorf starfsmanna til barna einkennist af hlýju og virðingu. Foreldrum finnst fagmennska einkenna starfið. Fram kom að foreldrum finnst gott að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda og að reynt væri að koma á mótis við óskir þeirra.⁸⁰ Í foreldrakönnun Skólaláupsins 2017-2018 kemur fram að um 90% foreldra telja sig vera í góðum samskiptum við starfsmenn leikskólans og að börnunum líði vel.

73 Rýnihópur foreldra.

74 Rýnihópur foreldra og heimasíða Suðurvalla.

75 Rýnihópur foreldra.

76 Rýnihópur deildarstjóra.

77 Rýnihópur deildarstjóra.

78 Rýnihópur foreldra.

79 Foreldrakönnun skólaláupsins 2017-2018.

80 Rýnihópur foreldra.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt og gott samstarf er við grunnskólann og ber aðstoðarleikskólastjóri ábyrgð á því. Í starfsáætlun kemur fram hvernig samstarf leik- og grunnskóla fer fram. Áætlun er fyrir allt skólaárið og þar kemur fram að í september hittast kennarar beggja skólastiga og leggja drög að starfinu framundan. Elstu börn leikskólans sækja íþróttir í íþróttahúsinu einu sinni í viku út skólaárið. Í nóvember fara elstu börn leikskólans á bókasafnið í grunnskólanum og fá kynningu á safninu og hvatningu til lesturs. Í desember heimsækir fyrsti bekkur grunnskólans leikskólann í hálfan dag. Í janúar skoða elstu börn leikskólans lóð grunnskólans og fræðast um það sem fram fer í frímínútum. Skólastjóri Stóru-Voga-skóla tekur á móti elstu börnum leikskólans í febrúar og kynnir þeim grunnskólann. Kynningarfundur fyrir foreldra er í febrúar og er hann í samstarfi við grunnskólann. Í febrúar og mars eru skólaheimsóknir þar sem lítil hópur elstu barna leikskólans fer í einn dag í heimsókn og fyrsti bekkur heimsækir leikskólann hálfan dag í maí. Kennarar beggja skólastiga hittast í maí og gera sameiginlega ársskýrslu. Einnig eru yfir árið ýmsir sameignlegir viðburðir⁸¹. Til er skriflegt verklag á því hvernig skil og miðlun upplýsinga um börnin fer á milli skólastiga. Foreldrar eru upplýstir um að öll gögn frá sérfræðingum fylgi barni í grunnskóla og skrifa undir skólaskilablað. Á heimasíðu leikskólans er skýrsla þar sem sagt er frá samstarfi leik- og grunnskóla 2018-2019.

Annað samstarf

Samstarf er við félagsstarf eldri borgara í sveitarfélaginu Vogum. Eldri borgurum er boðið á þorablót í leikskólanum og kór elstu barna leikskólans fer í heimsókn til þeirra og syngur fyrir fólkið. Einu sinni á vetri fara elstu börnin í heimsókn á bókasafn bæjarins sem er sameiginlegt með grunnskólanum. Leikskólabörnin taka þátt í því að skreyta jólatré bæjarins fyrir jólin..

Styrkleikar

- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi í leikskólanum.
- Fundargerðir foreldraráðs eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Foreldrafélag og foreldraráð hefur sett sér starfsreglur sem birtar eru á heimasíðu.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir nýja foreldra að vori.
- Foreldrahandbók sem foreldrar fá þegar barnið byrjar í leikskóla er til og er hún einnig á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
- Bæta mætti upplýsingastreymi til foreldra og hafa það markvissara svo sem með vikulegum póstum frá deildum.
- Hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

81 Starfsáætlun 2019-2020.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Sveitafélagið Vogar er með þjónustusamning við Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar um ráðgjöf og þjónustu við sérkennslubörn. Sérkennslustjóri er starfandi í leikskólanum og hefur hann yfirumsjón með sérkennslumálum, upplýsir starfsmenn, skipuleggur, veitir ráðgjöf og fylgir eftir vinnunni með sérkennslubörnunum. Í leikskólanum er starfandi sérkennsluteymi og eru það leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri viðkomandi deildar sem skipa það. Ef upp kemur grunur um þroskafrávik senda starfsmenn erindi til teymisins sem ræðir málið og ákveður næstu skref. Sérkennslustjóri sér um næstu framkvæmd, gerir frumgreiningu og ásamt deildarstjóra upplýsir hann foreldra um niðurstöður. Foreldrar fylla út íslenska þroskalistann og ef þurfa þykir er málinu vísað áfram til Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar. Leikskólinn hefur aðgengi að sálfræðingum, talmeinafræðing og leikskólaráðgjafa hjá Hafnarfjarðarbæ og reglulega er fundað með sérkennsluráðgjafa og sálfræðingi. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn með skilgreindan stuðning, teymisfundir eru haldnir reglulega en hann sitja foreldrar, sérkennslustjóri, deildarstjóri og leikskólaráðgjafi. Sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra viðkomandi deildar bera ábyrgð á gerð og endurskoðun einstaklingsnámskrár. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á sinni deild og í daglegu starfi deildarinnar. Góð aðstaða er til staðar ef taka þarf barn út úr hópnum til þjálfunar, einnig er gott aðgengi að efniviði til sérkennslu. Starfsmenn deilda eru upplýsir um sérkennslubörn á sinni deild og hvað er verið að leggja áherslu á. Metið er hverju sinni hvort upplýsa eigi alla starfsmenn leikskólans um þroskafrávik barns. Í rýnivíðtölum kom fram að starfsmönnum finnst þeir ekki fá nægar upplýsingar um sérkennslubörn og gátu þeir nefnt dæmi því til stuðnings.⁸² Í rýnivíðtali við leikskólastjóra kom fram að í innra mati síðasta árs hafi þetta komið fram og að í umbótaáætlun fyrir árið 2019-2020 er áætlað að bæta úr þessu. Fram kom í rýnivíðtölum að starfsmenn eru hvattir af stjórnendum að leita sér upplýsinga og fræðslu um þroskafrávik.⁸³ Í rýnivíðtölum kom fram að stjórnendur og starfsmenn eru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá frá Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar og brugðist er fljótt við erindum. Gott aðgengi er að sálfræðingi og sérkennsluráðgjafa og koma þeir reglulega í leikskólann.⁸⁴ Leikskólastjóri hafði frumkvæði að því að ræða við heilsugæslu Suðurnesja HSS um verkferla ef barn sýnir frávik í ung- barnaeftirliti og er haft samband við leikskólann í þessum tilvikum. Heilsugæsla Hafnarfjarðar sendir bréf ef barn sýnir frávik í þroska.⁸⁵

Börn með annað móðurmál en íslensku

Mörg börn af pólskum uppruna eru í leikskólanum og hefur verið unnið sérstaklega með þau. Pólskur starfsmaður er starfandi við skólann og hefur hann lesið sögur á pólsku fyrir börnin og haft samverustund fyrir þau einu sinni í viku. Einnig hefur hann verið nýttur til að koma upplýsingum og skilaboðum til pólskra foreldra. Myndir hafa verið notaðar til að auka orðaforða og skilning hjá börnunum og einnig myndrænt dagskipulag. Verið er að gera áætlun um móttöku og vinnu með erlendu börnin í leikskólanum. Túlkur er kallaður til þegar barn af erlendum uppruna byrjar í leikskólanum og í foreldrasamtölum.⁸⁶

Styrkleikar

- Til er verkferli ef upp kemur grunur um þroskafrávik.
- Boðið er upp á túlkþjónustu í viðtölum við foreldra þegar það á við.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu í leikskólanum skriflegt ásamt því hvernig upplýsa skal starfsmenn um þroskafrávik barna.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.
- Efla þarf ráðgjöf og leiðbeiningar hvað varðar sérkennslu til starfsmanna á deildum.

82 Rýnivíðtöl við leikskólakennara og starfsmenn.

83 Rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmenn.

84 Viðtal við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og rýnivíðtal við deildarstjóra.

85 Viðtal við leikskólastjóra.

86 Viðtal við leikskólastjóra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og fyrir liggja matsáætlanir, annars vegar til lengri tíma og hins vegar fyrir veturinn. Matsáætlun til lengri tíma má finna í skólanámskrá, tilgreint er hversu oft ákveðin verkefni í starfinu eru metin og hvaða þættir eru metnir á hverju ári fyrir sig. Sett eru fram markmið og viðmið um árangur. Matsáætlun fyrir veturinn er samofin umbótaáætlun og sett fram í starfsáætlun.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í leikskólanum er matsteymi sem ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á innra mati. Matsteymið er skipað deildarstjórum, fagstjóra hreyfingar, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Ekki eru fulltrúar frá öðrum starfsmönnum eða foreldrum í matsteyminu. Fjölbreyttra gagna er aflað í innra mati þar sem leitað er til allra hagsmunahópa eftir því sem við á. Gerður hefur verið listi yfir matstæki og viðmið um árangur við innra mat. Börn koma þó ekki formlega að innra mati en fram kom í viðtölum og rýnihópum að það standi til.⁸² Við innra mat er meðal annars stuðst við ýmsa gátlista og er matið samþætt daglegu starfi á deildum þar sem ýmsir þættir starfsins eru metnir í markvissum umræðum á fundum, auk þess skiptist starfsfólk þvert á deildir þegar það á við. Fram kom að mat leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er ekki liður í daglegu starfi þeirra.⁸³ Niðurstöður úr ytra mati sveitarfélags eru nýttar í innra matið. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður á meðal starfsfólks um þróun og umbætur. Starfsmenn gátu nefnt dæmi og einnig má sjá á heimasíðu leikskólans þar sem innra og ytra mat hefur verið nýtt til umbóta. Foreldraráð kemur að innra mati leikskólans og metur t.d. umbótaáætlun í starfsáætlun.

Opinber birting og umbætur

Greinargerð um innra mat birtist í starfsáætlun og þar koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður matsins. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og áætlun um umbætur er sett fram í starfsáætlun. Áætlunin er tímasett og tilgreindir þeir aðilar sem bera eiga ábyrgð á aðgerðum. Áætlunin er borin undir foreldraráð. Samræmi er á milli þeirra umbótapáttá sem tilgreindir eru í greinargerð um innra mat og umbótaáætlunar.

Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið með áætlunum.
- Matið er samofið daglegu skólastarfi.
- Fjölbreyttra gagna er aflað í innra mati.
- Tilgreind eru viðmið um gæði og árangur í innra mati.
- Matsteymi starfar við leikskólann.
- Foreldraráð kemur að innra mati.
- Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í innra mati, í daglegu starfi og í umræðum um þróun og umbætur.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun sett fram í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að í matsteymi séu fulltrúar frá öllum hagsmunahópum s.s. leikskólakennurum, starfsfólki og foreldrum.
- Hrinda þarf áformum um þátttöku barna í innra mati í framkvæmd.
- Leita ætti leiða til að þróa mat leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi heilsuleikskólans Suðurvalla: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stöðugleiki er í starfsmannahópnum.
- Leikskólinn er snyrtilegur, fallegur, vistlegur og vel umgenginn.
- Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.
- Mikil fjölbreytni er í leiktækjum á útisvæði.
- Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskrá og er mjög sýnileg í starfi.
- Einkunnarorð og gildi leikskólans eru sýnileg.
- Mikill samhljómur og ánægja er hjá starfsfólki og foreldrum um stefnu skólans.
- Skólastefna sveitarfélagsins er til og endurspeglast í starfi leikskólans.
- Allir starfsmenn koma að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Starfsmenn þekkja stefnu og áherslur leikskólans og var samhljómur um þá þekkingu í viðtölum og rýnihópum.
- Skólanámskrá, starfsáætlun, starfsmannahandbók og foreldrahandbók eru mjög upplýsandi og aðgengilegar m.a. á heimasíðu leikskólans.
- Aðgengi að stjórnendum er gott svo og samskipti við þá.
- Starfsfólk fær hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Skólabragur er góður, góður starfsandi, gleði, metnaður og virðing einkennir samskipti.
- Starfsmannafélag er í leikskólanum og sér skemmtinefnd um ýmsa viðburði þar sem góð þátttaka er af starfsfólki.
- Samskipti leikskólastjóra við stjórnarsýslu sveitafélagsins Voga eru góð og til fyrirmyndar.
- Húsnæðið er rúmgott og býður upp á að skipta barnahópnum í minni hópa.
- Dagskipulag er endurskoðað reglulega miða við þroska og þarfir barna.
- Frjálsum leik er gefið gott rými.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar er gott og vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Virðing, umhyggja og uppbyggjandi samskipti eru einkennandi milli starfsfólks og barna.
- Deildarstjórar skipuleggja og leiða faglegt starf á deildum en allir starfsmenn bera ábyrgð á ákveðnum barnahópi.
- Allt starfsfólk kemur að skipulagi starfsins og hlustað er á raddir allra. Samstarf og samvinna

starfsmanna er sýnilegt á vettvangi.

- Unnið er að grunnþætti menntunar og námssviði aðalnámskrár.
- Mikil áhersla er lögð á hreyfingu, einn starfsmaður skipuleggur hreyfistundir og vinnur með öllum börnum leikskólans í sal.
- Lögð er áhersla á hollt matarræði og að vinna matinn frá grunni í leikskólanum.
- Unnið er markvisst með töluskilning og stærðfræði með Numicon kubbum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi í leikskólanum.
- Fundargerðir foreldraráðs eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Foreldrafélag og foreldraráð hefur sett sér starfsreglur sem birtar eru á heimasíðu.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir nýja foreldra að vori.
- Foreldrahandbók sem foreldrar fá þegar barnið byrjar í leikskóla er til og er hún einnig á heimasíðu.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Góð aðstaða er fyrir sérkennslu og aðgengi að námsgögnum til sérkennslu er gott.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem þurfa sérstaka stuðning.
- Teymisfundir eru haldnir reglulega.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla/stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Til eru skráðir verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Innra mat er kerfisbundið með áætlunum.
- Matið er samofið daglegu skólastarfi.
- Fjölbreyttra gagna er aflað í innra mati.
- Tilgreind eru viðmið um gæði og árangur í innra mati.
- Matsteymi starfar við leikskólann.
- Foreldraráð kemur að innra mati.
- Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í innra mati, í daglegu starfi og í umræðum um þróun og umbætur.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun sett fram í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr.87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Áfram þarf að leita leiða til að ráða leikskólakennara í deildarstjórastöður.
- Brýnt er að lagfæra húsnæði til að koma í veg fyrir leka.
- Bæta má aðbúnað í fataklefum s.s. með skógrindum.
- Ganga má betur frá gúmmímottum á lóð.
- Fræðslunefnd mætti sýna meira frumkvæði í að kalla eftir málefnum frá leikskólanum.
- Kynna mætti verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fyrir öðru starfsfólki.
- Leita þarf leiða til að fá foreldra til að taka þátt í gerð skólanámskrár.
- Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja börnum þegar þau flytjast í grunnskóla eða á milli leikskóla.
- Leita þarf leiða til að fá fram þátttöku barna í gerð skólanámskrár.
- Uppfæra mætti áætlun læsisstefnu sem er síðan 2016-2017.
- Æskilegt er að bæta aðgengi barnanna á yngri deildum að leikefni og hafa leikföng og annan efnivið í þeirra hæð.
- Skoða þarf skipulag á yngri deildum með það í huga að í skipulögðum stundum sé börnunum skipt í minni hópa og að verkefni séu við hæfi.
- Æskilegt er að gera starfróf og tölustafi sýnilegra í umhverfinu.
- Áfram ætti að leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði svo unnt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti.
- Bæta mætti upplýsingastreymi til foreldra og hafa það markvissara svo sem með vikulegum póstum frá deildum.
- Hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.
- Æskilegt væri að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna.
- Gera mætti skapandi starfi hærra undir höfði með því að hafa verk barnanna sýnilegri.
- Auka mætti búnað og tæki til vísindastarfa.
- Hugsa þarf að upplýsingum og fræðslu um þroskafrávik barna til allra starfsmanna.
- Æskilegt er að til sé skriflegt verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Æskilegt er að í matsteymi séu fulltrúar frá öllum hagsmunahópum s.s. leikskólakennurum, starfsfólki og foreldrum.
- Hrinda þarf áformum um þátttöku barna í innra mati í framkvæmd.
- Leita ætti leiða til að þróa mat leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Heilsuleikskólanum Suðurvöllum leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Mikil sátt er um stefnu leikskólans meðal starfsmanna og foreldra og birtist stefnan vel í starfinu. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, finna fyrir faglegum metnaði og telja að börnunum líði vel í leikskólanum. Gott skipulag er í allri stjórnun og verkferlar til fyrirmyndar. Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í ákvarðanatökum og mati. Skólabragur og starfsandi er mjög góður og líður starfsfólki vel í starfi, er ánægt með stjórnun skólans og þykir störf sín metin að verðleikum. Gott samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins. Tækifæri leikskólans til úrbóta liggja aðallega í því að bæta lýðræðislega þátttöku barna og aðkomu þeirra að mati á skólastarfi.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef í október 2019 Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Foreldrakönnun Skólapúlsins 2017-2018. Sótt á vef í október 2018. Slóðin er: <http://sudurvellir.leikskolinn.is/%20su%C3%B0urvellir/maja/su%C3%B0urvellir%202019.pdf>

Heimasíða Sveitarfélagsins Voga.

Leikskóladagatal 2019-2020.

Leikskólinn Suðurvellir heimasíða.

Leikskólinn Suðurvellir. Foreldrahandbók.

Leikskólinn Suðurvellir. Jafnréttisáætlun.

Leikskólinn Suðurvellir. Læsisstefna. Sótt á vef í október 2019.

Leikskólinn Suðurvellir. Áætlun læsisstefnu 2016-2017. Sótt á vef í október 2019. Slóðin er: <http://sudurvellir.leikskolinn.is/%20su%C3%B0urvellir/l%C3%A6sisstefna%20heilsuleiksk%C3%B3lans%20su%C3%B0urvalla%20-%20loka%20eintak%202016.pdf>

Leikskólinn Suðurvellir: Skólanámskrá. Sótt á vef í október 2019.

Slóðin er: <http://sudurvellir.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

Leikskólinn Suðurvellir: Starfsáætlun 2019-2020. Sótt á vef í október 2019. Slóðin er: <http://sudurvellir.leikskolinn.is/%20su%C3%B0urvellir/starfs%C3%A1%C3%A6tlun%202019-2020.pdf>

Leikskólinn Suðurvellir. Starfsmannahandbók.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Skólastefna Sveitarfélagsins Voga.

Viðtöl:

Símaviðtal við bæjarstjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

